

SÖNGTEXTAR

Fyrr var oft í koti kátt

Fyrr var oft í koti kátt,
krakkar léku saman,
þar var löngum hlegið hátt,
hent að mörgu gaman.
Úti' um stéttar urðu þar
einatt skrítnar sögur,
þegar saman safnast var
sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá
oft á milli bæja
til að kankast eitthvað á
eða til að hlæja.
Margt eitt kvöld og margan dag
máttum við í næði
æfa saman eitthvert lag
eða syngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá
Hlíðar brekkum undir
er svo margt að minnast á,
margar glaðar stundir.
Því vill hvarfla hugurinn,
heillavinir góðir,
heim í gamla hópinn minn,
heim á fornar slóðir.

Öxar við ána

Öxar við ána, árdags í ljóma,
upp risi þjóðlið og skipist í sveit.
Skjótum upp fána, skært lúðrar hljóma,
skundum á Þingvöll og treystum vor heit.
Fram, fram, aldrei að vikja.
Fram, fram, bæði menn og fljóð.
Tengjumst tryggðarböndum,
tökum saman höndum,
stríðum, vinnum vorri þjóð.

Litla flugan

Lækur tifar létt um máða steina.
Lítill fjóla grær við skriðufót.
Bláskel liggur brotin milli hleina.
Í bænum hvílir íturvaxin snót.

Ef ég væri orðin lítill fluga
Ég inn um gluggann þreytti flugið mitt.
Og þó ég ei til annars mætti duga
Ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

Á Sprengisandi

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn
Rennur sól á bak við Arnarfell
Hér á reiki' er margur óhreinn andinn
Úr því fer að skyggja á jökulsvell
; : Drottinn leiði drösulinn minn
Drjúgur verður síðasti áfanginn.

Þei þei, þei þei. Þaut í holti tófa
Þurran vill hún blóði væta góm
Eða líka einhver var að húa
Undarlega digrum karlaróm
; : Útilegumenn í Ódáðahraun
Eru kannski' að smala fé á laun

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn
Rökkrið er að síga' á Herðubreið
Álfadrotting er að beisla gandinn
Ekki' er gott að verða' á hennar leið
; : Vænsta klárinn vildi' ég gefa til
Að vera kominn ofan í Kiðagil.

Tondeleyó

Á suðrænum sólskinsdegi
ég sá þig, ó ástin mín, fyrst.
Þú settist hjá mér í sandinn,
þá var sungið og faðmað og kysst.
Þá var drukkíð, dansað og kysst.
Tondeleyó, Tondeleyó.
Aldrei gleymast mér augun þín svörtu,
og aldrei slógu tvö glaðari hjörtu,
Tondeleyó, Tondeleyó.

Hve áhyggjulaus og alsæll
í örmum þínum ég lá,
og oft hef ég elskað síðan,
en aldrei jafnheitt eins og þá.
Aldrei jafn eldheitt sem þá,
Tondeleyó, Tondeleyó.
Ævilangt hefði ég helst viljað sofa
við hlið þér í dálitlum svertingjakofa,
Tondeleyó, Tondeleyó.

Mynd: Karólína Lárusdóttir
Hönnun: Þóra Dal Þorsteinsdóttir
Umsjón: Landssamband blandaðra kóra

Kór Félags eldri borgara í Reykjavík

Eldey, kór eldri borgara á Suðurnesjum

Gaflarakórinn, kór eldri borgara í Hafnarfirði

Söngvinir, kór eldri borgara í Kópavogi

Hörpukórinn, kór eldri borgara á Selfossi

Hljómur, samkór eldri borgara á Akranesi

Hverafuglar, kór eldri borgara í Hveragerði

Óperukórinn í Reykjavík

Píanó: Sigurður Helgi Oddsson

Stjórnandi: Gylfi Gunnarsson

Stjórnandi: Arnór Brynjar Vilbergsson

Stjórnandi: Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir

Stjórnandi: Kristján Hrannar Pálsson

Stjórnandi: Guðmundur Eiríksson

Stjórnandi: Lárus Sighvatsson

Stjórnandi: Daníel Arason

Stjórnandi: Garðar Cortes

Kynnir: Margrét Bóasdóttir

Tónleikar í Eldborg

Sunnudaginn 1. desember 2019, kl. 16.00

ELDHUGAR Í HÖRPU

STJÓRNANDI:
GARÐAR CORTES



FJÖLDASÖNGUR

Fyrr var oft í koti kátt

Friðrik Bjarnason / Þorsteinn Erlingsson

Öxar við ána

Helgi Helgason / Steingrímur Thorsteinsson

ÆTTJARÐARLÖG

Hver á sér fegra föðurland

Emil Thoroddsen / Hulda

Landið mitt

Lag og ljóð: Jóhann G. Jóhannsson

FJÁRLÖGIN / LJÓÐ OG LÖG

Ég vil elska mitt land

Bjarni Þorsteinsson / Guðmundur Magnússon

Nú sefur jörðin sumargræn

Þorvaldur Blöndal / Davíð Stefánsson

Undir bláum sólarsali

Íslenskt þjóðlag / Eggert Ólafsson

ÚTSETNINGAR JÓNS ÁSGEIRSSONAR

Krummi svaf í klettagjá

Íslenskt þjóðlag / Jón Thoroddsen

Sofðu unga ástin mín

Íslenskt þjóðlag / Jóhann Sigurjónsson

Ísland farsælda frón

Íslenskt þjóðlag / Jónas Hallgrímsson

FJÖLDASÖNGUR

Á Sprengisandi

Sigvaldi Kaldalóns / Grímur Thomsen

KÓRSÖNGUR

Úr útsæ rísa Íslands fjöll

Páll Ísólfsson / Davíð Stefánsson

Maistjarnan

Jón Ásgeirsson / Halldór K. Laxness

Heill, þér Óðins sonur – lokakór úr óperunni Þrymskviða

Jón Ásgeirsson

FJÖLDASÖNGUR – lög Sigfúsar Halldórssonar

Litla flugan / Sigurður Elíasson

Tondeleyo / Tómas Guðmundsson

JÓLALÖG

Hin fyrstu jól

ingibjörg Þorbergs / Kristján frá Djúpalæk

Jólin alls staðar

Jón Sigurðsson / Jóhanna Erlingsson

Frá ljósanna hásal

John F. Wade / Jens Hermannsson

Nóttin var sú ágæt ein

Sigvaldi Kaldalóns / Einar Sigurðsson frá Eydölum

ÞJÓÐSÖNGURINN – Ó Guð vors lands

Sveinbjörn Sveinbjörnsson / Matthías Jochumsson

Ó, guð vors lands! Ó, lands vors guð!

Vér lofum þitt heilaga, heilaga nafn!

Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans

þínir herskarar, tímanna safn.

Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár

og þúsund ár dagur, ei meir:

eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,

sem tilbiður guð sinn og deyr.

:: Íslands þúsund ár, ::

eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,

sem tilbiður guð sinn og deyr.